

## Fundur í stjórn Verkefna-og rannsóknarsjóðs Fljótsdalshrepps og Landsbankans

Egilsstöðum 29.10 2014 ,kl. 16.00

---

Mætt eru : Gunnþórunn , Jóhann og Ágúst

### 1. mál . Ársuppgjör sjóðsins 2013.

Formaður fór yfir og kynnti uppgjorið fyrir stjórn. Eignir sjóðsins nema um 881 þús. kr. og ógreiddir styrkir nema 250 þús. Reikningur 2013 samþykktur.

### 2. mál. Styrkúthlutanir

Fyrir stjórn liggja 3 umsóknir, frá Helga Elí Hálfðánarsyni, um framleiðslu etanóls, Örnú Björgu Bjarnadóttur, ritun um ævi og störf Þorfinns Sigmundssonar bónda á Kleif og Snædís Önnu Þórhallsdóttur, um rannsókn á sértækri eftirspurn eftir íslensku nautakjöti samanborið við innflutt.

Eftir umfjöllun er það tillaga stjórnar að veita Helga Elí aðalstyrk að upphæð kr. 300.000,- og Örnú Björg verkefnastyrk að upphæð kr. 100.000,-. Verkefni Snædísar Önnu er synjað á þeim forsendum að það falli ekki að úthlutunarreglum sjóðsins.

### 3. Önnur mál.

- a) Samþykkt að auglýsingar sjóðsins birtist í fjölmiðlum síðsumars eða að haustlagi, ákvörðun byggð á reynslu þar sem umsóknir skila sér betur eftir haustauglýsingar. Auglýsingar birtast í Bændablaðinu auk austfirskis miðils og heimasíðna Fljótsdalshrepps og Landsbankans.
- b) Ákveðið að framlög stofnfélaga í sjóðinn nemi 250.000,- kr. fyrir hvorn aðila fyrir árið 2015.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17.07.

Ágúst Arnórsson (sign)

Gunnþórunn Ingólfssdóttir (sign)

Jóhann F. Þórhallsson (sign)